

Ríkissaksóknari
06 301

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ríkissaksóknari

kt. 530175-0229

Suðurlandsbraut 4, 6.hæð

108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann er skipaður af ráðherra ótímabundið og skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og er einnig skipaður ótímabundið, saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 09 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 324,9 milljónir og afkoma kr. 0,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 27,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 80,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissaksóknara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissaksóknara fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Sigríður J. Friðjónsdóttir
Ríkissaksóknari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	321.400.000	323.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>3.508.061</u>	<u>3.154.467</u>
Tekjur samtals		324.908.061	326.454.467
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	281.221.670	276.497.844
Annar rekstrarkostnaður	4	39.504.329	40.920.429
Afskriftir	5	<u>3.508.061</u>	<u>3.154.467</u>
Gjöld samtals		324.234.060	320.572.740
Afkoma fyrir fjármagnsliði		674.001	5.881.727
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(5.409)</u>	<u>(44.967)</u>
		(5.409)	(44.967)
Afkoma ársins		<u>668.592</u>	<u>5.836.760</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		10.186.355	10.857.071
Aðrar eignir		4.929	9.351
		<u>10.191.284</u>	<u>10.866.422</u>
Fastafjármunir samtals		<u>10.191.284</u>	<u>10.866.422</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	69.475.619	55.710.548
Handbært fé		1.279.753	1.923.469
Veltufjármunir samtals		<u>70.755.372</u>	<u>57.634.017</u>
Eignir samtals		<u>80.946.656</u>	<u>68.500.439</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		27.048.464	26.379.872
Eigið fé samtals		<u>27.048.464</u>	<u>26.379.872</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	413.550	1.531.120
Viðskiptaskuldir		1.110.229	882.185
Ýmsar skammtímaskuldir	9	33.137.565	30.262.353
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	19.236.848	9.444.909
Skuldir samtals		<u>53.898.192</u>	<u>42.120.567</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>80.946.656</u>	<u>68.500.439</u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		668.592	5.836.760
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	3.508.061	3.154.467
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(3.508.061)</u>	<u>(3.154.467)</u>
		668.592	5.836.760
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	79.403
Tengdir aðilar		(4.415.564)	(7.786.206)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>3.103.256</u>	<u>1.841.369</u>
		(1.312.308)	(5.865.434)
		<u>(643.716)</u>	<u>(28.674)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	<u>(2.832.923)</u>	<u>(555.769)</u>
		(2.832.923)	(555.769)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrri árs samkvæmt			
Fjárfestingarframlag		<u>2.832.923</u>	<u>555.769</u>
		2.832.923	555.769
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(643.716)	(28.674)
		<u>1.923.469</u>	<u>1.952.143</u>
		<u>1.279.753</u>	<u>1.923.469</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	321.400.000	323.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.508.061	3.154.467
	<u>324.908.061</u>	<u>326.454.467</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	333.400.000	0	0	333.400.000
Fjárukaalög	(12.000.000)	0	0	(12.000.000)
Fjárveiting til tekna	321.400.000	0	0	321.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(320.731.408)	0	0	(320.731.408)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	668.592	0	0	668.592

	2020	2019
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	225.891.777	214.941.319
Orlof, breyting	3.392.982	10.110.169
Launatengd gjöld	50.728.839	48.846.299
Starfsmannakostnaður	1.208.072	2.600.057
	<u>281.221.670</u>	<u>276.497.844</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	14,8	13,6
------------------------------	------	------

	2020	2019
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	998.398	636.556
Byggingarvörur, almennar	0	1.370
Tæki og búnaður til innréttinga	18.400	0
Ýmis tæki og áhöld	481.297	69.790
Orkugjafir	313.672	260.271
Matvæli	1.646.972	1.582.224
Almennar rekstrarvörur	183.319	96.074
Vörukaup, almenn	<u>3.642.058</u>	<u>2.646.285</u>
Fundir, námskeið, risna	35.000	914.237
Ferðir, uppihald	98.315	1.889.484
Akstur	331.367	742.106
Sérfræðipjónusta	790.606	1.560.655
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	29.467	39.139
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	401.663	836.311
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.506.447	3.731.153
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>6.192.865</u>	<u>9.713.085</u>
Afnotagjöld	1.484.797	1.374.426
Leigugjöld	16.838.258	16.164.322
Verkkaup	3.320.194	2.962.488
Kostnaðarhlutdeild	8.022.158	8.059.823
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>29.665.407</u>	<u>28.561.059</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>39.504.329</u>	<u>40.920.429</u>

Skýringar

	2020	2019
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	3.264.694	3.150.045
Aðrar eignir	4.422	4.422
	<u>3.508.061</u>	<u>3.154.467</u>

31.12.2020 **31.12.2019**

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	10.186.355	10.857.071
Aðrar eignir	4.929	9.351
	<u>10.191.284</u>	<u>10.866.422</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	21.449.659	0	44.224	21.493.883
Viðbætur á árinu	2.832.923	0	0	2.832.923
Selt/niðurfært á árinu	(432.480)	0	0	(432.480)
	<u>23.850.102</u>	<u>0</u>	<u>44.224</u>	<u>23.894.326</u>
Afskriftir 1.1.2020	10.592.588	0	34.873	10.627.461
Selt/niðurfært á árinu	(193.535)	0	0	(193.535)
Afskrift ársins	3.264.694	0	4.422	3.269.116
	<u>13.663.747</u>	<u>0</u>	<u>39.295</u>	<u>13.703.042</u>
Staða 31.12.2020	<u>10.186.355</u>	<u>0</u>	<u>4.929</u>	<u>10.191.284</u>

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	69.475.619	55.710.548
	<u>69.475.619</u>	<u>55.710.548</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	413.550	1.531.120
	<u>413.550</u>	<u>1.531.120</u>

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	26.379.872	41.541.774
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(20.998.662)
Afkoma ársins	668.592	5.836.760
Jöfnuður 31.12.	<u>27.048.464</u>	<u>26.379.872</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
9 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	33.072.509	29.679.527
Ógreidd laun	0	260.400
Önnur ógreidd gjöld	65.056	322.426
	<u>33.137.565</u>	<u>30.262.353</u>

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	10.191.284	10.866.422
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	9.045.564	(1.421.513)
	<u>19.236.848</u>	<u>9.444.909</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	10.866.422	(1.421.513)	9.444.909
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	13.300.000	13.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.832.923	(2.832.923)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.508.061)	0	(3.508.061)
	<u>10.191.284</u>	<u>9.045.564</u>	<u>19.236.848</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2025 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 17,0 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 5,1 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru á hvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.